

LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

7. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöll 10. september 1993.

Fundur hófst kl. 15:10.

Varaformaður L.H. Guðbrandur Kjartansson setti fund og bauð fundarmenn velkomna, en formaðurinn var ókominn til fundarins.

Eftirtaldir stjórnarmenn voru mættir:

Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Sigbjörn Björnsson, Sigurgeir Bárðarson, Guðmundur Jónsson (kom síðar) og framkvæmdastj. L.H. Sigurður Þórhallsson.

1. Skógarhólar.

Guðbrandur bauð velkomna inn á stjórnarfund L.H. Gunnar B. Gunnarsson og Kristján Auðunsson nefndarmenn úr Skógarhólanefnd. Þeir Gunnar og Kristján ræddu framtíð Skógarhóla með tilliti til afnota hestamanna af staðnum. Í málí þeirra koma fram áhugi nefndarinnar á uppbyggingu í Skógarhólum. Um er að ræða m.a. að byggja hús fyrir umsjónarmann staðarins. Þá var sú hugmynd rædd, að utan þess tíma sem hestamenn nota staðinn gætu félagasamtök eins og skátahreyfingin, björgunarsveitir og aðrir slíkir aðilar nýtt staðinn. Í lok umræðunnar var eftirfarandi tillaga samþykkt samhljóða: "Fundur í stjórn L.H. haldinn 10. sept. 1993 felur Skógarhólanefnd að vinna að tillögugerð og stefnumörkun um frekari uppbyggingu Skógarhólastaðarins og efna til viðræðna við hlutaðeigandi aðila um efnið.

2. Undirbúningur 44. ársþings L.H.

Næsta ársþing L.H. verður haldið í Varmahlíð í Skagafirði dagana 29. og 30. október 1993, í boði hestamannafelaganna í Skagafirði, Stíganda, Léttfeta og Svaða. Rétt til þingsetu eiga 123 þingfulltrúar. Á fundi stjórnar þann 22. júní s.l. var rætt um hvert ætti að verða aðal þema þingsins í Varmahlíð. Stjórnarmenn voru sammála um að "Félagsleg staða hestamanna", væri þarf viðfangsefni.

Stjórnin ræddi þetta enn frekar nú og varð niðurstaða málsins sú að þetta málefni yrði þema þingsins 1993. Formaður óskaði eftir hugmyndum um framsögumenn fyrir þema þingsins, þ.e. "Félagsleg staða hestamanna".

Fundarmenn voru sammála því að heppilegt væri að þeir væru 2-3. Stjórnarmenn geta komið nöfnum á framfæri á skrifstofu L.H.

3. Reikningar L.H. 1992.

Stjórnin ræddi ársreikning L.H. 1992 en vinnueintak reikningsins lá frammi á fundinum. Einnig kynnti stjórnin sér milliuppgjör ársins 1993, en fyrir lá vinnueintak varðandi rekstur L.H. til 31.08. 1993. Fram kemur í milliuppgjörinu að reksturinn á árinu er í jafnvægi. Fram kom í umræðum

að HÍS hefur ekki haft bolmagn til að greiða til L.H. varðandi þjónustu skrifstofunnar eins og umsamið var fyrir árið 1993 né æskulýðsstarfið.

4. Nefndastörf.

Sigurður Þórhallsson gerði grein fyrir störfum nefnda L.H. en þær eru alls 14 starfandi á árinu 1993. Stjórnarmenn óskuðu eftir að skrifstofa L.H. taki saman yfirlit yfir störf þessara nefnda og sendi stjórnarmönnum sem allra fyrst.

5. Alþjóðleg ráðstefna um hrossaraðkt.

Formaður og framkvæmdastjóri L.H. gerðu grein fyrir ráðstefnunni sem tókst vel að þeirra mati. Þá var farin kynningarferð með ráðstefnu gesti og m.a. komið í Kirkjubæ á Rangárvöllum. Erlendum gestum þótti sýning hesta í Víðidalnum afar athyglisverð og þótti ýmsum íslenski hesturinn í raun og veru frábær.

6. HM 1993.

Formaður L.H. fór til Hollands á heimsmeistaramót íslenskra hesta. Frammistaða íslensku keppendanna var með miklum ágætum eins og fram hefur komið m.a. í fjöldum.

7. Aðalfundur FEIF.

Í framhaldi af mótinu í Hollandi var aðalfundur FEIF haldinn. Íslensku þátttakendurnir á fundinum voru: Guðmundur Jónsson, Sigurður Ragnarsson, Víkingur Gunnarsson, Kristinn Hugason.

Íslendingar eiga fulltrúa í eftirtöldum nefndum FEIF:

Í ræktunarnefnd:	Víkingur Gunnarsson
Í sportnefnd:	Sigurður Sæmundsson
Í World cup nefnd:	Pjetur Pjeturssons
Í dómaranefnd:	Sveinn Jónsson

17 lönd eiga aðild að FEIF.

8. FM'93, áningahólfasjóður.

Tekjur L.H. af FM'93 voru um 191 þús.kr.(191.940). Fjórar umsóknir þar af 2 frá sama aðila hafa borist til sjóðsins, frá Létti v. Sörlastaða, Loga í Biskupst. v. beitarhólfs, Loga v. gerðis v. Torfastaði og Mána v. Vigdísarvalla. Ákveðið að veita hverju félagi 70 þús. kr.

9. Afgreiðsla bréfa.

Rætt nokkuð stofnun fagráðs í hrossaraðkt, fór fram 9. sept., þar er Guðmundur Jónsson okkar maður í stjórn.

Bréf lagt fram og lesið sem sent var til Dómarafélags L.H. dags. 23.5.93. Varðar það afglöp dómara í starfi. Undirritað af Viktor Ingólfssyni, Kópavogi. Í umræðum um þetta bréf kom fram að við þurfum að fylgjast með hvernig Dómarafélagið tekur á hinum ýmsu kvörtunum og klögumálum.

10. Önnur mál.

Senn fer að líða að því að við tökum við rekstri "Hestsins okkar" og huga þarf að því að finna nýjan ritstjóra. Fram kom að við höfum haft nokkrar auglýsingatekjur á þessu ári af H.O. Ákveðið að fara nánar í þessi mál á næsta fundi.

Fundur með Náttúruverndarsamtökum og Landvernd hefur ekki verið haldinn á þessu ári, en stefnt skal að því nú. Árni Waag fer sem okkar fulltrúi á aðalfund Náttúruverndarráðs.

Dómarafélag Austfirðinga fer fram á 15. þús. kr. styrk v. ferðar Olil Amble á dómaranámskeið þar eystra. Þess má geta að dómarar þar eystra taka ekkert fyrir sín störf. Ákveðið að verða við þessu en gæta skal þó hófs í þessum málum í framtíðinni og marka ákveðna stefnu.

Fleira ekki fært til bókar.

Guðbrandur Kjartansson,
Sigfús Guðmundsson

Guðmundur Jónsson
Sigbjörn Björnsson
Sigurgeir Bárðarson.